

Samstarfsnefndir Heilbrigðisstofnunar Austurlands og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga gera með sér svofelldan STOFNANASAMNING

um forsendur og reglur um röðun starfa við stofnunina samkvæmt kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra f.h. Ríkissjóðs.

1. Gildissvið.

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga sem starfa hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands.

2. Markmið.

Um markmið er vísað til greinar 11.2.1 ofnagreginds kjarasamnings, auk þess að HSA sé eftirsóknarverður vinnustaður.

3. Starfslýsingar.

Hverjum starfsmanni er raðað samkvæmt starfslýsingu. Í starfslýsingu kemur fram hvaða verkefni og skyldur viðkomandi starfsmaður gegnir. Auk þess kemur fram færni (kunnáttustig/sérhæfing) og starfsreynsla sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Doktorspróf, masterspróf og/eða háskólapróf og viðurkennt framhaldsnám/sérnám 40 ECTS ein. (20-60 ein. gamla). sem nýtist í starfi raðast í starfslýsingar sbr. **Fylgiskjal I.**

3.2 Persónu- og tímabundnir þættir.

Meta skal persónu- og tímabundna þætti sbr. 11.3.2 sem þrep í launatöflu. Slíkt álag skal háð endurmati. Meta má vægi álags beggja þátta til hækkunar um allt að 8 þrepum samanlagt í viðkomandi launaflokki.

A. Námskeið/viðbótanám.

- | | |
|---------------------------------------|-------------------------------------|
| • Fyrir 60 stundir í námskeiðum | 1 þrep |
| • Fyrir 120 stundir í námskeiðum fæst | 1 þrep |
| • Fyrir 240 stundir í námskeiðum fæst | 1 þrep (Alls 3 þrep fyrir námskeið) |
| • Fyrir 30 ECTS eininga diplómanám | 1 launaflokk |

Einungis skulu metin samfelld námskeið, eða námskeiðshlutar sem teljast ½ eining hið minnsta, 6 kennslustundir.

B. Starfsreynsla innan HSA

- | | |
|--------------------------------|--------|
| • Eftir 4 ár í starfi hjá HSA | 1 þrep |
| • Eftir 12ár í starfi hjá HSA | 1 þrep |
| • Eftir 20 ár í starfi hjá HSA | 1 þrep |
| • Eftir 25 ár í starfi hjá HSA | 1 þrep |

C. Álag

- Heimilt er að greiða álag vegna manneklu sem er langvarandi og íþyngjandi skv. mönnunarplani.
- **10%:** Starfsmaður skilar reglubundið a.m.k. 50% (þ.e. 10-11 vaktir í mánuði) starfi á næturvöktum.
- **15%:** Starfsmaður skilar reglubundið a.m.k. 60% (þ.e. 12-13 vaktir í mánuði) starfi á næturvöktum.

D. Verkefni

- Greitt verði skv. Grein 1.3.1 í miðlægum kjarasamningi í 3 mánuði fyrir tímabundið verkefni sem starfsmanni er falið að vinna fyrir HSA (sjá fylgiskjal II bókun 3) Verkefnið sé skilgreint í upphafi.

E. Hæfni, sérstakur árangur og/eða frammistaða

- **1-2 þrep:** Heimilt að greiða þetta álag fyrir sérstaka persónuþætti, s.s. að starfsmaður:
 - Hafi sértæka reynslu sem nýtist við störf hans hjá stofnuninni.
 - Stundi fræðilegar athuganir á starfssviði stofnunar.

4. Hlutverk samstarfsnefndar

Samstarfsnefnd skal annast endurskoðun og breytingar á stofnanasamningi sbr. gr. 11.4.3.2 í kjarasamningi. Þar skal og samið um röðun starfa skv. 25. gr. laga nr. 94/1986. Samstarfsnefnd skal ennfremur fjalla um ágreiningsmál sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings. Að öðru leyti skal um starfshætti samstarfsnefndar fara samkvæmt ákvæðum greinar 11.4 í kjarasamningi.

5. Gildistaka og endurskoðun

Við gildistöku þessa samnings falla úr gildi allir eldri stofnanasamningar, bókanir og aðrar viðbætur.

Gildistími stofnanasamnings er frá 1.mars 2013

Undirritun samnings

Egilsstöðum 17. September 2013

f.h. Heilbrigðisstofnunar Austurlands

f.h. Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Fylgiskjal I

Starfslýsing A

Launaflokkur 030 Nemandi á háskólastigi sem lokið hefur að minnsta kosti 3 árum.

Starfslýsing B

Launaflokkur 071 Hjúkrunarfræðingur 1. Starfsreynsla 0-2 ár í faginu. Hann vinnur sjálfstætt, er fær um að taka sjálfstæðar vaktir ef við á og skipuleggur störf annarra ef við á.

Launaflokkur 081 Hjúkrunarfræðingur 2. Starfsmaður kominn vel á veg og/eða með 2ja ára starfsreynslu. Hann vinnur sjálfstætt, er fær um að taka sjálfstæðar vaktir ef við á og skipuleggur störf annarra ef við á. Starfsmaður er fær um að leiðbeina nýju starfsfólki og nemum. Starfsmaður með 40 ECTS ein sérnám (20-60 ein. gamlar) raðast 1 launaflokki hærra.

Starfsmaður með 120 ECTS ein (60-90 ein. gamla) sérnám eða masterspróf raðast 2 launaflokkum hærra en ella (10. lfl.).

Launaflokkur 091 Hjúkrunarfræðingur 3. Starfsmaður er fær í starfi og/eða með 6 ára starfsreynslu. Hann vinnur sjálfstætt, er fær um að taka sjálfstæðar vaktir ef við á og getur verið staðgengill yfirmanns á deild í fjarveru hans. Hann er fær um að leiðbeina nýju starfsfólki og nemum. Starfsmaður getur tekið þátt í stefnumótun á sínum vinnustað og er fær um að innleiða breytingar og nýjungar í starfi.

Starfsmaður með 40 ECTS ein (20-60 ein. gamla) raðast 1 launaflokki hærra.

Starfsmaður með 120 ECTS ein (60-90 ein gamla) sérnám eða masterspróf raðast 2 launaflokkum hærra en ella (11. lfl.).

Starfsmaður með doktorspróf 180 ECTS ein raðast 3 launaflokkum hærra en ella (12 lfl.).

Starfslýsing C

Launaflokkur 101 Deildarstjóri 1, Vaktstjóri 1.

Stýrir einni deild með takmörkuð mannaforráð (1-4 stöðugildi).

Starfsmaður með 40 ECTS eininga (20-60 ein gamla) viðbótarmenntun raðast 1 launaflokki hærra (11. lfl.).

Starfsmaður með 120 ECTS eininga sérnám eða masterspróf raðast 2 launaflokkum hærra en ella (12. lfl.)

Starfsmaður með doktorspróf 180 ECTS ein. raðast 3 launaflokkum hærra en ella (13.lfl.).

Greiddir 3 fastir yfirvinnutímar.

Launaflokkur 111 Deildarstjóri 2

Stýrir deild á heilsugæslusviði með mannaforráð upp á 5-15 stöðugildi. Er staðgegnill fagstjóra hjúkrunar á heilsugæslusviði.

Starfsmaður með 40 ECTS eininga (20-60 ein gamla) viðbótarmenntun raðast 1 launaflokki hærra (12. lfl.).

Starfsmaður með 120 ECTS eininga sérnáam eða masterspróf raðast 2 launaflokkum hærra en ella (13. lfl.)

Starfsmaður með doktorspróf 180 ECTS ein. raðast 3 launaflokkum hærra en ella (14.lfl.).

Greiddir 3 fastir yfirvinnutímar.

Launaflokkur 121 Deildarstjóri 3

Stýrir deild á hjúkrunarsviði með mannaforráð upp á 16-39 stöðugildi. Er staðgengill fagstjóra á hjúkrunarsviði.

Starfsmaður með 40 ECTS eininga (20-60 ein gamla) viðbótarmenntun raðast 1 launaflokki hærra (13. lfl.).

Starfsmaður með 120 ECTS eininga sérnáam eða masterspróf raðast 2 launaflokkum hærra en ella (15. lfl.)

Starfsmaður með doktorspróf 180 ECTS ein. raðast 3 launaflokkum hærra en ella (15.lfl.).

Greiddir 5 fastir yfirvinnutímar.

Launaflokkur 141 Deildarstjóri 4

Stýrir deild á sjúkrasviði og hjúkrunarsviði með mannaforráð yfir 40 stöðugildum. Er staðgengill fagstjóra sjúkrasviðs.

Starfsmaður með 40 ECTS eininga (20-60 ein gamla) viðbótarmenntun raðast 1 launaflokki hærra (15. lfl.).

Starfsmaður með 120 ECTS eininga sérnáam eða masterspróf raðast 2 launaflokkum hærra en ella (16. lfl.)

Starfsmaður með doktorspróf 180 ECTS ein. raðast 3 launaflokkum hærra en ella (17.lfl.). Starfsmaður með 30-59 ECTS eininga viðbótarmenntun raðast 1 launaflokki hærra.

Greiddir 5 fastir yfirvinnutímar.

Starfslýsing D

Launaflokkur 161 Fagstjóri hjúkrunar.

Stýrir fagsviði í hjúkrun (heilsugæslusviði, hjúkrunarsviði eða sjúkrasviði)

Starfsmaður með 40 ECTS eininga (20-60 ein gamla) viðbótarmenntun raðast 1 launaflokki hærra (17. lfl.).

Starfsmaður með 120 ECTS eininga sérnáam eða masterspróf raðast 2 launaflokkum hærra en ella (18. lfl.)

Starfsmaður með doktorspróf 180 ECTS ein. raðast 3 launaflokkum hærra en ella (19.lfl.).

Greiddir 5 fastir yfirvinnutímar.

Fylgiskjal II

Bókanir

1. Hækkun vegna námskeiða, starfsaldurs og lífaldurs taki gildi mánuði eftir að gögnum er skilað inn.
2. Hjúkrunarfræðingar sem vinna einir á næturvakt hjá HSA fá 0.5 klst. í yfirvinnu fyrir hverja næturvakt.
3. Allir starfsmenn skulu eiga kost á 4 lesdögum á ári og skulu þeir teknir á dagvinnutíma virka daga skv. samkomulagi við næsta yfirmann. Lesdagar eru ætlaðir til að auðvelda starfsmanni að tileinka sér enn frekar fræðigrein sína og/eða til verkefnavinnu sem nýtist viðkomandi starfsmanni og starfsumhverfi hans til að þróast og eflast.
Starfsmaður skal í samráði við yfirmann sinn kynna samstarfsfólki sínu efnistöð hvers lesdags á deildarfundum eða öðrum vettvangi sem starfsmaður og yfirmaður koma sér saman um.
4. Grein 1.3.1 í miðlægum kjarasamningi: Heimilt er að greiða sérstaka umbun umfram mánaðarlaun skv. Greinum 1.2.1 og 1.2.2 sem aldrei skal þó nema hærri fjárhæð en 30.000 kr. á mánuði. Það hámark tekur ekki breytingum á samningstímanum. Umbun þessi greiðist vegna sérstakra tímabundinna þátta sem falla undir grein 1.2.2 og greiðist aldrei lengur en áhrif þeirra þátta vara. Ákvörðun um greiðslu slíkrar umbunar skal tekin af forstöðumanni og byggjast á skriflegum reglum sem hann hefur kynnt starfsmönnum.